

UMHVERFIS OG LOFTSLAGS STEFNA

SUÐURNESJABÆJAR

2024–2035



**Umhverfis- og loftslagsstefna Suðurnesjabæjar
2025**

Ábyrgðaraðili og útgefandi
Suðurnesjabær

Sunnubraut 4
250 Suðurnesjabær
425 3000
sudurnesjabaer.is


Hönnun, umbrot og myndskreytingar
Chili Studio
chili.is






SUÐURNESJABÆR

EFNISYFIRLIT

- 1 **Inngangur**
- 2 **Af hverju umhverfis- og loftslagsstefnu**
- 3 **Um gerð stefnunnar**
- 5 **Hlutverk Suðurnesjabæjar**
- 6 **Umhverfi og áhrifapættir stefnu**
- 9 **Umhverfis- og loftslagsstefna**
- 10 **Leiðarljós**
- 10 **Meginmarkmið**
- 13 **Markmið og aðgerðaáætlun**
- 18 **Mælikvarðar**
- 19 **Losun frá starfsemi**
- 20 **Orkunotkun**
- 21 **Flokkun úrgangs**
- 22 **Endurvinnsla**
- 23 **Starfsstöðvar og starfsmenn**



INNGANGUR



AF HVERJU UMHVERFIS- OG LOFTSLAGS STEFNU

Í júlí 2020 gaf umhverfis- og auðlindaráðuneytið út uppfærða aðgerðaáætlun í loftslagsmálum til ársins 2030.¹ Stjórnvöld hafa sett markið sem eru hærri en alþjóðlegar skuldbindingar kveða á um og hafa sett sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á ábyrgð Íslands um 40% fyrir árið 2030. Áætlunin er framlag Íslands til að ná markmiðum Parísarsamningsins. Henni er ætlað að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og leggja grunninn að markmiði stjórnvalda um kolefnishlutleysi Íslands árið 2040. Til þess að stefnan verði að veruleika þarf samstillt átak stjórnvalda á landsvísu og sveitarfélaganna og umhverfis- og loftslagsstefna Suðurnesjabæjar er liður í þeirri vegferð.

Suðurnesjabær leggur áherslu á aukið gildi umhverfis- og loftslagsstefnu, þ.e. að stefnan hafi í för með sér margs konar bein og óbein jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag samhliða því að takast á við skilgreindar áskoranir á sviði umhverfismála. Stefnan tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem samþykkt voru af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Stefnan leggur einkum áherslu á og tengist markmiðum nr. 3, 8, 11, 12, 13 og 15.

¹ Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (2020). Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, 2. útgáfa. Júní 2020.

UM GERÐ STEFNUNNAR

Gerð stefnunnar byggir á lögum um loftslagsmál nr. 70/2012, en í lögunum er áskilið að sveitarfélög marki sér loftslagsstefnu. Stefnan skal innihalda skilgreind markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og kolefnisjöfnun starfseminnar ásamt aðgerðum svo að þeim markmiðum verði náð.

Framkvæmda- og skipulagsráð samþykkti á 29. mars 2023 að hefja vinnu við umhverfis- og loftslagsstefnu fyrir Suðurnesjabæ. Í töflunni eru helstu áfangar við gerð stefnunnar. Starfsfólk Skipulags- og umhverfissviðs ásamt ráðgjafa önnuðust gagnaöflun, greiningu viðfangsefna og framsetningu umhverfis- og loftslagsstefnu. Ráðgjafi Suðurnesjabæjar var Verkís.

Í tengslum við vinnuna var settur á fót sérstakur rýnihópur sem hafði það markmið að greina og ræða frekari áherslur inn í gerð umhverfis- og loftslagsstefnu. Einnig var hópurinn vettvangur til umræðu og samráðs um áskoranir í umhverfismálum í sveitarfélaginu og hverju umhverfis- og loftslagsstefna gæti komið til leiðar í sveitarfélaginu. Rýnihópurinn skipuðu Hafþór Ernir Ólason og Heba Lind Guðmundsdóttir fyrrverandi fulltrúar í ungmennaráði Suðurnesjabæjar, Helgi Haraldsson starfsmaður HES, Jón Norðfjörð fyrrverandi framkvæmdastjóri, Laufey Erlendsdóttir kennari og bæjarfulltrúi, Sunneva Ósk Þóroddsdóttir sjávarútvegs- og viðskiptafræðingur og Tómas J. Knútsson Bláa hernum.

HELSTU ÁFANGAR VIÐ GERÐ UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSSTEFNU SUÐURNESJABÆJAR

	DAGSETNING	SKÝRINGAR
Framkvæmda- og skipulagsráð	29. mars 2023	Samþykkt var að hefja vinnu við umhverfis- og loftslagsstefnu.
Framkvæmda- og skipulagsráð	14. júní 2023	Nálgun við gerð umhverfis- og loftslagsstefnu og verkefnisáætlun.
Fundur rýnihóps	10. okt 2023	Fjallað var um áherslur og hugmyndir inn í stefnuna.
Framkvæmda- og skipulagsráð	25. okt 2023	Greining á viðfangsefnum og stefnumótunarramma lagður fram.
Fundur rýnihóps	4. des 2023	Fjallað var um drög að stefnu til almennrar kynningar.
Vefur Suðurnesjabæjar	5. jan 2024	Drög að umhverfis- og loftslagsstefnu voru kynnt.
Framkvæmda- og skipulagsráð	17. apríl 2024	Samþykkt umhverfis- og loftslagsstefnu.
Bæjarstjórn	8. maí 2024	Samþykkt umhverfis- og loftslagsstefnu.

HLUTVERK SUÐURNESJABÆJAR

Sveitarfélagið hefur mikil áhrif á það hvernig gengið er um náttúru og auðlindir í Suðurnesjabæ. Skipulag er eitt helsta stjórnþækið og þar er rík áhersla á að umhverfissjónarmið séu í fyrirrúmi. Mörg önnur lögboðin verkefni Suðurnesjabæjar hafa áhrif á umhverfið, t.d. förgun úrgangs og fráveita. Sveitarfélagið getur einnig haft margvísleg óbein áhrif á nærsamfélagið, t.d. með fræðslu og hvatningu og með góðu fordæmi í daglegum rekstri.

Sveitarfélögin fjögur á Suðurnesjum, Suðurnesjabær auk Grindavíkurbæjar, Reykjanesbæjar og Sveitarfélagið Vogar, ásamt Isavia, Kadeco og Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, hafa stofnað samstarfsverkefnið Suðurnesjavettvang, þar sem Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru höfð að leiðarljósi. Í nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins er unnið með tiltekin heimsmarkmiðið og áherslur sem Suðurnesjavettvangur hefur valið að vinna með.

Umhverfis- og loftslagsstefna tekur til þátta sem sveitarfélagið getur haft áhrif á, svo sem í gegnum skipulagsáætlanir eða starfsemi sveitarfélagsins. Áhersla er á að samþætta, eftir því sem við á, aðra stefnumörkun sveitarfélagsins inn í umhverfis- og loftslagsstefnuna og með þeim hætti einfalda framfylgd hennar.

UMHVERFI OG ÁHRIFAPÆTTIR STEFNU

Umhverfis- og loftslagsstefnan er sett fram undir eftirfarandi málaflokkum, en þeir hafa margs konar áhrif á umhverfið.

- VISTVÆN INNKAUP
- LÝÐHEILSA, GRÆN SVÆÐI OG NÁTTÚRA
- UMHVERFIS- OG NÁTTÚRUVERNÐ
- HRINGRÁSARHAGKERFI
- SAMGÖNGUR
- AÐLÖGUN AÐ LOFTSLAGSBREYTINGUM

Greindir voru áhrifavaldar eða áhrifapættir umhverfis- og loftslagsstefnu, þ.e. þeir málaflokkar eða hlutar stefnunnar sem eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið, sbr. neðangreinda töflu. Umhverfisþættir eru þeir þættir sem stefnan getur haft áhrif á. Á meðan vinna við umhverfis- og loftslagsstefnu stóð yfir hefur verið vart við loftmengun af völdum eldgos á Reykjannesskaga og til álita kom að fjalla sérstaklega um loftgæði í stefnunni. Þar sem um var að ræða einangrað tilvik og frávik í loftgæðum í Suðurnesjabæ af náttúrulegum orsökum, var ákveðið að fjalla ekki um þennan umhverfisþátt. Eftir sem áður leggur Suðurnesjabær áherslu á að loftgæði í Garði og Sandgerði verði vöktuð en rauntímaupplýsingar um það efni eru birtar á vef Umhverfisstofnunar **loftgaedi.is**.


MÁLAFLOKKAR, ÁHRIFABÆTTIR, UMHVERFISBÆTTIR OG MÖGULEG ÁHRIF UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSSTEFNU

MÁLAFLOKKAR / ÁHRIFABÆTTIR	UMHVERFIS BÆTTIR	SKÝRINGAR	HEIMILDIR / VÍSUN
Vistvæn innkaup	Loftslag og eignir	Draga úr losun GHJ með vistvænum áherslum og aðhaldi í rekstri. Aukið gildi stefnunnar er minni sóun og sparnaður.	Innkaupastefna Suðurnesjabæjar og innkaupareglur.
Lýðheilsa, útivist og græn svæði	Heilbrigði manna og íbúar	Með því að tryggja heilnæmt umhverfi og skapa tækifæri til útvistar og hreyfingar með gæðum í byggðu umhverfi og aðgengi að ósnortinni náttúru, er hægt að hafa áhrif á heilsuhegðun fólks og þar með andlega og líkamlega heilsu og virðingu fyrir náttúrunni. Aukið gildi stefnunnar er líflegt samfélag og aukin félagsleg tengsl, sem og heilnæmt umhverfi.	Heilsuefandi samfélag. Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022–2034.
Lífriki og landslag	Loftslag, landslag, lífríki og líffræðilegur fjölbreytileiki	Mikilvægt viðfangsefni er vistheimt og endurheimt landgæða í Suðurnesjabæ. Bein áhrif af landbótum, landgræðslu og skógrækt er aukin binding GHJ og líffræðileg fjölbreytni. Aukið gildi stefnunnar er skjólmyndun og aðlaðandi umhverfi til útvistar.	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022–2034. Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi.
Hringrásarhagkerfi	Loftslag, efnisleg verðmæti og íbúar	Aukin flokkun, endurvinnsla og endurnýting úrgangs dregur úr losun GHJ og minna land er tekið undir landfyllingar (urðun). Með því að skapa skilyrði fyrir grænan iðnað er hægt að draga úr myndun úrgangs og losun GHJ. Aukið gildi stefnunnar eru ný störf sem verða til.	Sameiginleg svæðis- áætlun um meðhöndlun úrgangs 2022–2033. Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022–2034. Í átt að hringrásar- hagkerfi.
Innviðir	Loftslag og lýðheilsa	Dregið er úr losun GHJ með orkuskiptum, að minnka ferðaþörf og breyta ferðavenjum. Aukið gildi stefnunnar er sparnaður og minni sóun, auk líflegs samfélags og bættrar lýðheilsu.	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022–2034.
Aðlögun að loftslagsbreytingum	Næmni fyrir hættu á slysum og náttúruhamförum	Mikilvægt viðfangsefni er að skipuleggja, byggja upp og halda við sjóvörnum þar sem hættu er á sjávarflóðum við byggð. Aukið gildi stefnunnar er aukin seigla samfélagsins gagnvart loftslagsbreytingum.	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022–2034. Lög um sjóvarnir nr. 28/1997. Samgönguáætlun 2020–2034.

UMHVERFIS- OG LOFTSLAGS STEFNA

LEIÐARLIÓS


Suðurnesjabær leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og loftslagsmálum. Sveitarfélagið sýni gott fordæmi í umgengni og takmarki eftir fremsta megni neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi sveitarfélagsins, leggi sitt af mörkum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bregðist við afleiðingum loftslagsbreytinga. Sveitarfélagið stendur vörð um náttúru- og menningarminjar og heilbrigt umhverfi og að íbúar hafi tækifæri til að njóta þeirra gæða með útiveru eða öðrum heilbrigðum lífstíl.



MEGINMARKMIÐ

Í umhverfis- og loftslagsstefnu eru skilgreind meginmarkmið og helstu leiðir til að hrinda þeim í framkvæmd. Meginmarkmiðin taka til sex málaflokka sem taldir eru mikilvægir, sbr. greiningu á áhrifapáttum, umhverfispáttum og mögulegum áhrifum umhverfis- og loftslagsstefnu.

MEGINMARKMIÐ
UMHVERFIS- OG
LOFTSLAGSSTEFNU
SUÐURNESJABÆJAR
OG HELSTU LEIÐIR
TIL AÐ HRINDA ÞEIM
Í FRAMKVÆMD.



MARKMIÐ	LEIÐIR	SAMRÁÐSAÐILAR/ ÁBYRGÐ	TÍMA RAMMI	HEIMILDIR/ VÍSUN
Vistvæn innkaup Að rekstur sveitar- félagsins verði sjálfbær og það sýni ábyrgð í umhverfisstjórnun.	Innleiða umhverfis-stjórnun í rekstri sveitarfélagsins og einstakra starfsstöðva.	Bæjarstjórn. Framkvæmda- og skipulagsráð. Starfsstöðvar bæjarins.	2024–2027	Innkaupastefna Suðurnesjabæjar og innkaupareglur. Heimsmarkmið nr. 12.
Lýðheilsa, útivist og græn svæði Allir íbúar eigi þess kostað njóta náttúrulegs umhverfis og tækifæra til að stunda heilbrigðan lífsstíl.	Útivistarsvæði og strandstígar í þéttbýli. Fjölga útivistarsvæðum og hlúa að núverandi svæðum. Tryggja nýtingu opinna svæða til fjölbreyttrar útivistar. Skólaþróun og aðstaða fyrir útikennslu.	Framkvæmda- og skipulagsráð. Íþrótt- og tómstundaráð. Leik- og grunnskólar.	2024–2035	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022–2034. Heilsueflandi samfélag. Heimsmarkmið nr. 3 og 15.
Lífriki og landslag Lágmarka rask á náttúru og vinna að uppgræðslu lands og vistheimt.	Hvetja til kolefnisjöfnunar/bindingar með gróðursetningu og uppgræðslu. Trjáræktunarsvæði eða „tree nursery“. Frágangur efnistöku- og efnislosunarsvæða. Umhverfisverðlaun/hvatning.	Framkvæmda- og skipulagsráð. Kadeco og aðrir landeigendur.	2024–2035	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022–2034. Heimsmarkmið nr. 15.
Hringrásarhagkerfi Stuðla að endurnýtingu og endurvinnslu og greiða götu hringrásar- hagkerfisins.	Auka og samræma flokkun í stofnunum sveitarfélagsins. Sorphirða/plokkun. Áhersla á fjörur og opin svæði. Auka framboð á fjölbreyttum iðnaðar- og athafnalóðum fyrir hátækniíðnað, grænan iðnað og nýsköpun.	Framkvæmda- og skipulagsráð.	2024–2035	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022–2034. Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022–2033. Heimsmarkmið nr. 8.
Innviðir Stuðla að orkuskiptum og skapa góð skilyrði fyrir virka ferðamáta innan þéttbýlis og milli þéttbýlisstaða.	Stuðla að fjölgun og bættu aðgengi að hraðhleðslustöðvum. Gatnakerfi í þéttbýli taki mið af öryggi og þörfum hjólandi og gangandi. Hvetja til samnýtingu ferðamáta.	Framkvæmda- og skipulagsráð. Rekstraraðilar rafhleðslustöðva. Vegagerðin.	2024–2027 2024–2035	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022–2034. Heimsmarkmið nr. 11.
Aðlögun að loftslagsbreytingum Efla viðnámsþol gagnvart afleiðingum loftslags- breytinga og grípa til aðgerða vegna óumflýjanlegra breytinga.	Innleiða blágrænar lausnir fyrir ofanvatn í þéttbýli. Gera sérstaka áætlun um uppbyggingu sjóvarna í samstarfi við Vegagerðina.	Framkvæmda- og skipulagsráð. Rekstraraðilar rafhleðslustöðva. Vegagerðin.	2024–2035 2024–2027	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022–2034. Heimsmarkmið nr. 13.

MARKMIÐ OG AÐGERÐAÁÆTLUN

Til að ná fram markmiðum umhverfis- og loftslagsstefnunnar verður strax ráðist í margvíslegar aðgerðir sem ná til fjögurra til tólf ára, sjá töflu 1. Saman mynda þær aðgerðaáætlun umhverfis- og loftslagsstefnunnar á árunum 2024–2025. Sumar aðgerðanna munu koma til framkvæmda á lengri tíma og snúa ýmist að beinum aðgerðum og/eða að greina betur stöðuna.

MARKMIÐ OG AÐGERÐIR TIL AÐ FYLGJA EFTIR MEGINMARKMIÐUM UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSSTEFNU

MÁLAFLOKKUR	MARKMIÐ	AÐGERÐIR	TÍMA RAMMI	ÁBYRGÐ	VÍSUN OG SAMRÁÐSAÐILAR
Vistvæn innkaup	Allar starfstöðvar sveitarfélagsins uppfylli skilyrði um umhverfisstjórnun	Innleiða umhverfisstjórnunarkerfi fyrir allar starfstöðvar sveitarfélagsins á næstu árum. ISO 14001 verði viðmið fyrir umhverfisstjórnun í rekstri sveitarfélagsins. Með því setur sveitarfélagið gott fordæmi í sínum rekstri og stuðlar að aukinni umhverfisvitund meðal starfsfólks.	2024-2035	Skipulags- og umhverfissvið.	ISO 14001:2015 Umhverfisstjórnunarkerfi.
		Standa fyrir fræðslu og þjálfun starfsfólks um innleiðingu umhverfisstjórnunar.	2024–2027	Skipulags- og umhverfissvið.	ISO 14001:2015 Umhverfisstjórnunarkerfi.
		Leita eftir ábendingum um umbætur í umhverfismálum á starfstöðum bæjarins og hrinda þeim í framkvæmd.	2024–2027	Skipulags- og umhverfissvið.	ISO 14001:2015 Umhverfisstjórnunarkerfi.
		Leita fyrirmynda í Grænum skrefum við markvissa vinnu að umhverfismálum í skrifstofuhaldi.	2024–2027	Skipulags- og umhverfissvið.	Græn skref í ríkisrekstri.
	Vinna að afmörkuðum aðgerðum vistvænna innkaupa	Hafa umhverfisvernd og hagkvæmni að leiðarljósi við kaup á nýjum búnaði stofnana sveitarfélagsins, t.d. með því að velja umhverfisvottaðar vörur og þjónustu, sé þess kostur.	2024–2027	Skipulags- og umhverfissvið. Starfsstöðvar bæjarins.	Umhverfisvottanir t.d. Svansvottun.
		Vinna að innleiðingu græns bókhalds hjá starfstöðvum sveitarfélagsins til framtíðar litið. Bókhald yfir notkun jarðefnaeldsneytis, losun GHG, orkunotkun og úrgangsmagn í rekstri sveitarfélagsins verði birt árlega á vef Suðurnesjabæjar.	2024–2025	Skipulags- og umhverfissvið.	Klappir. Losun frá starfsemi Suðurnesjabæjar.
		Á öllum starfsstöðvum sveitarfélagsins verði innleitt verklag sem stuðli að minni orkunotkun, t.d. að slökkva á ljósum og raftækjum þegar þau eru ekki í notkun.	2024–2025	Starfsstöðvar bæjarins.	Orkunotkun Suðurnesjabæjar.

MÁLAFLOKKUR	MARKMIÐ	AÐGERÐIR	TÍMA RAMMI	ÁBYRGÐ	VÍSUN OG SAMRÁÐSAÐILAR
LÝÐHEILSA, ÚTIVIST OG GRÆN SVÆÐI	Stuðla að heilsuefningu og lífsgæðum fólks með góðu aðgengi að opnum svæðum og útivist.	Byggja upp heilsustig meðfram ströndinni frá höfninni í Garði og til norðurs að Garðskaga, þ.e. stig með hreystitækjum	2024—2035	Skipulags- og umhverfissvið.	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022—2034.
		Opin svæði innan þéttbýlis verði útfærð með tilliti til heilsuefningar, svo sem hvað varðar staðsetningu og þéttleika hreysti- og leiktækja	2024—2035	Skipulags- og umhverfissvið.	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022—2034.
		Svæðinu milli Sandgerðis og Garðs er gefið aukid vægi og þróað frekar m.t.t. skjólmyndunar og tækifæra til útivistar.	2024—2035	Skipulags- og umhverfissvið.	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022—2034.
LÍFRÍKI OG LANDSLAG	Efla skógrækt með áherslu á gildi skóglendis til útivistar, skjóls og landbóta	Unnin verði greining á núverandi losun og bindingu GHL frá landi í sveitarfélaginu og sviðsmyndir um áhrif landgræðslu og skóræktar á kolefnisbúskap.	2024—2027	Skipulags- og umhverfissvið.	Vistgerakort Ní
		Unnið verði að því að styrkja gróður og skjólmyndun með skógrækt og vistheimt, á sérstökum skógræktarsvæðum og í tengslum við opin svæði.	2024—2035	Skipulags- og umhverfissvið. Starfsstöðvar bæjarins.	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022—2034.
		Útfærðar verði hugmyndir um skilgreind trjáræktunarsvæði eða „tree nursery“ og þeim fundinn staður í sveitarfélaginu. Fyrirtæki og félagasamtök gætu „ættleitt“ reit/svæði.	2024—2035	Skipulags- og umhverfissvið. Kadeco.	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022—2034. Trjáræktunarsvæði grunnskólanema.
		Árgangar í grunnskólum eigi sinn reit/svæði til skógræktar.	2024—2035	Mennta- og tómstundasvið.	Trjáræktarsvæði grunnskólanema.
	Efnislosun fari fram með skipulegum hætti og hún valdi ekki óþarfa sjónrænum áhrifum og losun GHL	Unnið verði að því að losun lífræns úrgangs verði komið í ákveðinn farveg í endurvinnslu- stöð í samræmi við áætlun um meðhöndlun úrgangs. Gengið verði frá eldri efnislosunarsvæðum	2024—2027	Skipulags- og umhverfissvið.	Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2022—2033.
	Umhverfisfræðsla verði reglubundin hluti af starfi sveitarfélagsins.	Umhverfisfræðsla er samofin öllu starfi grunnskólanna. Áhersla verði á að nýta umhverfi grunnskólanna, svo sem með því að útbúa aðstöðu við ströndina.	2024—2027	Mennta- og tómstundasvið.	Aðalnámskrá grunnskóla.
HRINGRÁSAR-HAGKERFI	Draga úr hvers kyns soun verðmæta og myndun úrgangs og finna farveg fyrir endurnýtingu og endurvinnslu.	Efla starfsstöðvar sveitarfélagsins í flokkun og fræðslu um flokkun ásamt því að innleiða grænt bókhald.	2024—2027	Starfsstöðvar bæjarins.	Flokkun og endurvinnsla úrgangs Suðurnesjabæjar. Klappir.
		Að greiða götu hringrásar-hagkerfisins og auka framboð á fjölbreyttum iðnaðar- og athafnalóðum fyrir hátækni- iðnað, grænan iðnað og nýsköpun. Um er að ræða lóðir við þéttbýlisstaðina og í Bergvík.	2024—2035	Skipulags- og umhverfissvið.	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022—2034.
	Stuðla að uppbyggingu hátækniidnaðar, græns iðnaðar, nýsköpunar og starfsemi sem vinnur á forsendum hringrásarhagkerfisins.	Byggja upp heildstætt net göngu- og hjólastíga í sveitarfélaginu. Sérstök áhersla er á göngu- og hjólastíga í og við þéttbýlisstaðina. Um væri að ræða hágæða göngustíga, sambærilega við stígin sem lagður var milli Sandgerðis og Garðs, þ.e. uppbyggður malbikaður stigur með lýsingu og áningarstöðum.	2024—2035	Skipulags- og umhverfissvið.	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022—2034. Net göngu- og hjólaleiða.

MÁLAFLOKKUR	MARKMIÐ	AÐGERÐIR	TÍMA RAMMI	ÁBYRGÐ	VÍSUN OG SAMRÁÐSAÐILAR
INNVIÐIR	Skapa skilyrði fyrir virka ferðamáta innan þéttbýlis- staðanna og milli þeirra.	Vinna að samhæfingu samgangna í Suðurnesjabæ með það fyrir augum að almenningssamgöngur verði raunhæfur og hagkvæmur valkostur.	2024-2035	Skipulags- og umhverfissvið. Vegagerðin. Strætó BS.	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022—2034. Almenningssamgöngur.
		Unnið verði að því að auka umferðaröryggi í umhverfi stofnvega í þéttbýlinu, svo sem með lækkun umferðarhraða og öðrum aðgerðum. Sérstaklega verði unnið að endurhönnun stofnvega í gegnum þéttbýlið með það fyrir augum að auka öryggi og búa til bæjarrymi og umferðarrymi sem nýtist öllum notendum óháð því hvort þeir eru gangandi, hjólandi eða akandi.	2024—2027	Skipulags- og umhverfissvið.	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022—2034. Umferðaröryggisáætlun. Umferð og umferðarhraði.
	Stuðla að auknu gönguhæfi byggðar og umferðaröryggi í þéttbýli.	Stuðla að orkuskiptum í samgöngum við uppbyggingu rafveitna. Við deiliskipulag verði, eftir því sem við á, gert ráð fyrir innviðum fyrir hleðslustöðvar fyrir bíla og hjól.	2024—2030	Skipulags- og umhverfissvið. HS Veitur.	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022—2034. Hleðslustöðvar.
	Stuðla að orkuskiptum í samgöngum.	Við endurnýjun bifreiða og annara ökutækja og véla á vegum sveitarfélagsins verður kappkostað að velja kosti sem nýta sjálfbæra orku.	2024—2030	Ski pulags- og umhverfissvið. HS Veitur.	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022—2034. Hleðslustöðvar.
		Aðgerðir til að hafa áhrif á losun vegna ferðamennsku á Keflavíkurflugvelli, í samstarfi við Isavia o.fl.	2024—2030		
	Stuðla að aukinni sjálfærni ferðaþjónustu.	Suðurnesjabær vinnur að því í samvinnu við Vegagerðina að sjóvarnir verði byggðar upp og haldið við þar sem hættu er á sjávarflóðum við byggð. Greiningar sem sveitarfélagið hefur látið framkvæma og aðrar upplýsingar verða nýttar til frekari mats á þörf og forgangsráðun framkvæmda.	2024—2027	Skipulags- og umhverfissvið. Vegagerðin.	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022—2034. Sjóvarnir.
AÐLÖGUN AÐ LOFTSLAGS-BREYTINGUM	Stuðla að auknum vörnum gegn sjávarflóðum í byggð.	Við uppbyggingu nýrrar byggðar og endurskipulagningu eldri byggðar verði nýttar blágrænar ofn vatnslausnir.	2024—2035	Skipulags- og umhverfissvið.	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022—2034. Blágrænar ofn vatns eignir.
	Grænir innviðir verði innleiddir í þéttbýli.	Efla starfsstöðvar sveitarfélagsins í flokkun og fræðslu um flokkun ásamt því að innleiða grænt bókhald.	2024—2035	Skipulags- og umhverfissvið.	Aðalskipulag Suðurnesjabæjar 2022—2034. Fráveita í Suðurnesjabæ.




MÆLI KVARÐAR

Nokkrir lykilmælikvarðar um losun GHG, orkunotkun og meðhöndlun úrgangs vegna reksturs Suðurnesjabæjar.




LOSUN FRÁ STARFSEMI

Losun GHL frá starfsemi Suðurnesjabæjar samkvæmt skráningu í Klappir.



ORKUNOTKUN


Orkunotkun Suðurnesjabæjar samkvæmt skráningu í Klappir.



FLOKKUN ÚRGANGS

Flokkun úrgangs Suðurnesjabæjar samkvæmt skráningu í Klappir.


Flokkun úrgangs



ENDURVINNSLA

Endurvinnsla úrgangs Suðurnesjabæjar samkvæmt skráningu í Klappir.

Endurvinnsla úrgangs






STARFSSTÖÐVAR OG STARFSMENN

Starfsstöðvar og starfsmenn Suðurnesjabæjar í árslok 2023.

STARFSSTÖÐVAR	FERMETRAR (M2)	FIÖLDI STARFSMANNA
Sunnubraut 4 - Ráðhús Garði	444,1	14
Miðnestorg 3 - Ráðhús Sandgerði	376,6	18
Skólastræti 2:	2.705,3	
· Sandgerðisskóli		78
· Íþróttamiðstöð Sandgerði		12
· Bókasafn		4
· Tónlistarskóli Sandgerði		17
Skólastræti 1 - Félagsmiðstöð Sandgerði	205,7	1
Garðbraut 90 - Gerðaskóli	4.709,6	69
Garðbraut 94 - Íþróttamiðstöð Garði	2.469,1	11
Garðbraut 69A - Tónlistarskóli Garði	274,5	17
Heiðartún 2	469,6	
· Auðarstofa (félagsstarf)		2
· Félagsmiðstöð Garði		
Gerðavegur 11 - Umhverfismiðstöð Garði	420,6	4
Strandgata 13 - Umhverfismiðstöð Sandgerði	257,0	4
Skagabraut 100 - Byggðasafn	112,8	4
Garðbraut 85 - Dagdvöl	294,4	5
Suðurgata 17-21 - Miðhús (félagsstarf)	227,2	5
Heiðarholt 14 - Skammtí mavistunin Heiðarholt	269,4	15
Lækjamót 65 - Starfsmannaaðstaða	19,9	14
Hafnargata 8 - Sandgerðishöfn	229,4	4
Samtals:	13.485,2	298





SUÐURNESJABÆR